

Nd. 573. Frumvarp til laga [187. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur“.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur“ og selja hann félagi, er stofnað verður um útgerð togarans sameiginlega af Húsavíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað og Sauðárkrókskaupstað. Er ríkisstjórninni heimilt í þessu skyni að lána allt að kr. 450 000.00 og að ábyrgjast lán allt að kr. 2 750 000.00 gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til þess að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur“ frá Vestmannaeyjum og selja hann útgerðarfélagi, er stofnað verður sameiginlega af tilteknum kaupstöðum norðanlands.